

fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
13.12.2019

**7. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álfavers,
fimmtudaginn 12. desember 2019, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Sigurdís Samúelsdóttir, Jóhann Birkir Helgason og Bragi Þór Thoroddsen.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason,

1. Deiliskipulag í Folafæti - 1910005

Tekin fyrir deiliskipulagslýsing fyrir Vélbjarnarstaði á Folafæti í Súðavíkurhreppi dags. 29. nóvember 2019.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagslýsingin verði send til umsagnar til hagsmunaaðila og kynnt almenningi sbr. 40 gr. skipulagslag nr. 123/2010.

2. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030 - 1902001

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 var auglýst skv. 31. gr skipulagslag nr. 123/2010 m.s.br. Skipulagið nær til alls sveitarfélagsins.

Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps, hjá Skipulagsstofnun og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Náttúrufræðistofnun Íslands

Skipulagsstofnun

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Veðurstofa Íslands

Umhverfisstofnun

Skógræktin

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Salvar Baldursson

Salvar Hákonarson og Ragnheiður Hákonardóttir

Bragi Líndal Ólafsson

Helgi Bjarnason

Anne Berit Vikse

Sigríður Hrönn Elíasdóttir

Magrét Hermanns Auðardóttir

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf

Haflidi Halldórsson fh. eiganda jarðarinnar Ögurs

Farið yfir athugasemdir og umsagnir. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stilla upp svörum við athugasemdum sem fram komu til samræmis við umræður á fundinum.

Afgreiðsla erinda verður afgreidd á næsta fundi.

3. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

1/ffr

Deiliskipulagsbreyting fyrir iðnaðar og athafnasvæðið á Langeyri í Súðavík var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslága nr. 123/2010 m.s.br. Ástæða breytingarinnar er fyrirhuguð uppbrygging hafnar- og iðnaðarsvæðis. Mörk deiliskipulagsins breytast þannig að Langeyrarvegur, lóð I-1 og geymslusvæði verða felld út úr skipulaginu. Fyrir breytingu er svæðið um 3,3 ha, eftir breytingu verður skipulagssvæðið um 2,3 ha. Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Engin athugasemd barst, umsagnir gáfu ekki tilefni til breytinga.

Umsagnir gáfu ekki tilefni til breytinga og því leggur Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt.

4. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Deiliskipulag Hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri í Súðavík var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Skipulagið gerir ráð fyrir landfyllingu og byggingu kalkþörungaverksmiðju þar sem unnið verður allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi.

Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Athugasemd barst frá Hraðfrystihúsini Gunnvör hf.

Umsagnir bárst frá Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu.

Farið yfir umsagnir og athugasemdir, afgreiðslu frestað til næsta fundar og verður afgreitt samhliða aðalskipulagi.

5. Deiliskipulag í Hattardal - 1909014

Deiliskipulag í Hattardal, Hattardalsvirkjun við Hattardalsá var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Skipulagið gerir ráð fyrir lítilli vatnsaflsvirkjun undir 100Kw sem flokkast sem örvirkjun. Heildarlengd fallþípu er 1000 metrar, inntaksstífla er í 140 m.h.y.s. flatarmál lóns verður að hámarki 70 m².

Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Engar athugasemdir bárust.

Umsagnir bárst frá Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu.

Í umsögn UST er talið að tillagan hafi neikvæð áhrif á birkið á svæðinu, óskað er eftir að fram komi hvernig tillagan uppfylli ákvæði laga um náttúruvernd er varðar bakkagróður. Þá er fjallað um vegslóða, efnistöku og bent á mikilvægi þess að efnistaka raski ekki vistkerfum sem njóta verndar. Að lokum er bent á að virkjunin mun valda visformfæðilegu álagi á lífríki árinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að öllu raski verði haldið í lágmarki. Ekki voru gerðar athugasemdir í öðrum umsögnum.

Nefndin bendir á að eftir að sauðfé tók að fækka á svæðinu upp úr 1980 hefur birkiskógríður í Hattardal aukist til muna, hann þést og útbreiðslan aukist. Stígur var fram dalinn en nú er svo komið að ófært er gangandi manni fram dalinn sökum birkis. Slóðinn í skipulaginu er á sama stað og hann hefur verið og verður aðgengilegur almenningi á ný eftir framkvæmdir. Ekki er gert ráð fyrir röskun á birki utan slóðans. Þá bendir nefndin á að hér áður fyrr voru myrar ofap við og í núverandi birkiskógi nýttar til slægju.

JL

fundur Skipulags, bygginga, umhværfis og samgöngunefndar
13.12.2019

Bakkagróður skerðist eingöngu við inntak og við frárennsli við stöðvarhús og er því óverulegt.

Efnistaka vegna framkvæmdana verður eingöngu í gömlum efnishaugum sem eru haugsettir á svæðinu frá fyrri tíð. Engin önnur efnistaka er heimil.

Í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um að öllu raski skuli haldið í lágmarki til samræmis við umsögn Náttúrfræðistofnun Íslands.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að sveitarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt.

6. Úttekt á Slökkviliði Súðavíkur 2019 - 1910008

Tekið fyrir erindi frá Mannvirkjastofnun dags. 22. október sl er varðar úttekt á Slökkviliði Súðavíkur 2019.

Lagt fram til kynningar.

7. Húsnæðisáætlun sveitarfélaga - 1902002

Tekið fyrir erindi frá Einari Þ Eyjólfssyni fh. Íbúðaláanasjóðs ódagsett er varðar húsnæðisáætlun sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 20:00.

Hulda Gunnarsdóttir
Hulda Gunnarsdóttir

Valgeir Scott.
Valgeir Scott

Sigurðís Samuelsdóttir
Sigurdís Samúelsdóttir

Samúel Kristjánsson
Samúel Kristjánsson

Þorbergur Kjartansson
Þorbergur Kjartansson